

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2023

2023/EES/75/05

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/519 frá 14. janúar 2022 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 að því er varðar kröfur um prótín í ungbarnablöndum og stoðblöndum sem eru framleiddar úr vatnsrofsmyndefnum prótína ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 77b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0519**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/519 frá 14. janúar 2022 (Stjtið. ESB L 104, 1.4.2022, bls. 58).“*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/519, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 104, 1.4.2022, bls. 58.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.